

# Norðfirðingur

2. tölublað 2002

27.árgangur

## Sumardagskrá

**Gönguferð laugardaginn 1. júní**  
**Kl 1100. Hittumst við rafstöðina í**  
**Elliðaárdal**

**Gönguferð laugardaginn 6. júlí**  
**kl 1100 Hittumst á bílastæðinu við**  
**Perluna**

**Gönguferð Laugardaginn 10. ágúst**  
**Kl 1100 Hittumst í Furulundi í**  
**Heiðmörk**

Viðtakandi

## **Sólarkaffið**

Hið árlega sólarkaffi norðfirðingafélagsins var haldið að venju 3. febrúar í safnaðarheimilli Bústaðakirkju. Mæting var með minnsta móti og var handboltaleik Íslenska landsliðsins í útlöndum kennt um. Á sólarkaffinu sem er jafnfram aðalfundur félagsins voru kosnir nýir meðlimir í stjórn. Það eru þau Bjarni Freyr Ágústsson, Hulda Sveinbjörnsdóttir og Kristín Kristinsdóttir. Tómas Hilmarsson gjaldkeri félagsins bar upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir einróma. Úr stjórninni gengu Júlíus Brynjarsson, Hermann Ottósson og Ólöf Helga Guðmundsdóttir. Við þökkum þeim vel unnin störf í þágu Norðfirðingafélagsins.

## **Ný stjórn**

Stjórnin hefur skipt með sér verkum. Stjórnin er þannig skipuð: Tómas Hilmarsson formaður, Sólveig M Þorláksdóttir gjaldkeri, Fanney Jóhannsdóttir ritari, Stefán Herbertsson ritstjóri Norðfirðings. Meðstjórnendur: Bjarni Freyr Ágústsson, Hulda sveinbjörnsdóttir og Kristín Kristinsdóttir

## **Gönguferðir**

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var ýmislegt rætt til að blása auknu lífi í félagið og auka samskipti félaganna. Ein hugmyndin var að fara í léttar

gönguferðir í sumar. Þessar gönguferðir eru hugsaðar fyrir alla, bæði börn og fullorðna. Tilgangurinn er vera saman, hitta gamla kunningja og eignast nýja. Miðað er við að ferðirnar standi yfir í eina til eina og hálfu klukkustund með stoppum, ef við skemmtum okkur vel verðum við bara lengur. Þetta er hugsað þannig að við söfnumst saman á fyrirfram ákveðnum stað og tíma, með smá nesti. Við löbbum síðan saman og stoppum með hæfilegu millibili, spjöllum saman og borðum nestið. Síðan heldur hver til síns heima. Við látum ekki smámuni eins og veðrið stoppa okkur og höldum okkar striki hvað sem á dynur. Sjá nánar dagskrána á forsiðu.

## **Sumarhús ,úthlutu og verð.**

Nú hefur verið úthlutað til þeirra sem sóttu um sumardvöl í íbúðinni að Hafnarbraut 54.

Enn eru nokkrar vikur lausar, þeir sem hafa áhuga geta sótt um hjá Stefáni eða öðrum í stjórninni. Þá gyldir reglan fyrstur sækir, fyrstur fær.

**Aðeins skuldlausir félagar fá íbúðina leigða.**

### **Verð**

Sumartími 1 vika	15.000kr
Sumartími 1. helgi	8.000 kr

## **Félagsgjöldin**

Við viljum minna féлага á að greiða félagsgjöldin

## **Úthlutun á sumarhúsi**

Stefán Herbertsson í síma 551 1052 eða 8968821

***Vilt þú gleðja ættingja og vini fyrir austan, þá eru blóm vel við hæfi.***

*Sendum heim VISA EUROCARD*

***Blómabúðin Laufskálinn***

***S.477-1212 Fax 477-1012***

Kristín Brynjarsdóttir helma 477-1128

**Félagsgjald** greiðist á:

reikning 0101-26-11959 Landsbankinn

Kennitala Norðfirðingafélagsins er 4902697119

Útgefandi: Norðfirðingafélagið, Dunhaga 17 107 R-vík.

<http://www.islandia.is/nordfjordur>

Formaður: Tómas Hilmarsson

Ritstjóri: Stefán Þór Herbertsson (551 1052)